

# Ársskýrsla Þjóðminjasafns Íslands 2017

Ábyrgðarmaður: Margrét Hallgrímsdóttir

Ritstjórn: Anna Lía Rúnarsdóttir



Reykjavík 2018

## Formáli

Þjóðminjasafn Íslands starfar samkvæmt lögum um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011, safnalögum nr. 141/2011 og lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Það er höfuðsafn á sviði menningarminja með tilheyrandi áskorunum um forystu á fagsviðinu. Hlutverk þess er að auka og miðla þekkingu á menningarminjum og sögu íslensku þjóðarinnar. Skilgreint hlutverk Þjóðminjasafns Íslands er að safnið starfi sem vísinda- og þjónustustofnun á sviði menningarminja á landsvísu, stuðli að varðveislu og þekkingu á menningararfi íslensku þjóðarinnar frá upphafi til samtíma og standi fyrir vandaðri miðlun um sögu og minjar lands og þjóðar með fjölbreyttu sýninga- og menningarstarfi.

Í janúar 2017 voru málefni Þjóðminjasafns flutt frá forsætisráðuneyti til mennta- og menningarmálaráðuneytis í samræmi við forsetaúrskurð nýrrar ríkisstjórnar nr. 1/2017 um skiptingu stjórnarmálefna.

Tekið var upp nýtt verklag árið 2017 hjá ríkisstofnunum í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015. Þjóðminjasafnið skilgreinir þá, í samræmi við stefnu mennta- og menningarmálaráðuneytis í málaflokknum 18.1. safnamál, þrjú markmið er varða kjarnastarfsemi þess og þrjú markmið er varða innra starf og rekstur. Ársskýrslan gerir grein fyrir þeim árangri sem náðst hefur á árinu 2017 hvað varðar þessi meginmarkmið, þó starfsemi safnsins sé fjölbreytt og það gegni víðtæku þjónustuhlutverki.

Árið 2017 var árangursríkt og forgangsröðun í samræmi við samþykktu ársáætlun. Á sviði varðveislu ber hæst flutningur safnkosts og starfsfólks í nýtt húsnæði til varðveislu og rannsókna þjóðminja að Tjarnarvöllum 11 í Hafnarfirði. Móttaka gripa úr fornleifarannsóknum gekk vel og hefur öllum forngrípum í vörslu safnsins nú verið komið fyrir í nýjum geymslum. Á árinu náðust mikilsverðir áfangar í varðveislu og rannsóknum ljósmynda í vörslu Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafni og sömuleiðis í viðgerðum hinna friðuðu bygginga húsasafns Þjóðminjasafns.

Fjölbættar rannsóknir á safnkosti skiluðu árangri á árinu sem birtist í sýningum og útgáfu á vegum safnsins. Með fjölbreyttum ljósmyndasýningum ársins voru gefnar út bækur í samræmi við útgáfustefnu safnsins; *Fuglarnir, fjörðurinn og landið: Ljósmyndir Björns Björnssonar og Guðmundur Ingólfsson. Á eigin vegum. Ljósmyndir 1967–2017*. Þá kom út veglegt rit *Málarinn og menningarsköpun. Sigurður Guðmundsson og kvöldfélagið 1858–1874* í samstarfi við Opnu bókaútgáfu. Samstarf var við Sögufélag um útgáfu á bók dr. Steinunnar Kristjánsdóttur *Leitin að klaustrunum. Klausturhald á Íslandi í fimm aldir*. Báðar þessar bækur voru tilnefndar til Hinna íslensku bókmenntaverðlauna, og sú síðarnefnda hlaut einnig tilnefningu til Fjöruverðlaunanna og viðurkenningar Hagþenkis.

Einnig kom út á árinu *Safnastefna á sviði menningarminja*, sem unnin var í samráði við söfnin í landinu og er ætlað að varða veginn áfram fyrir faglegt starf þeirra. Árangur faglegs starfs Þjóðminjasafns birtist í fjölbættri miðlun. Fjölbreytt dagskrá var í safninu fyrir gesti og nemendur. Um tíu sýningar voru opnaðar á árinu. Fjöldi gesta jókst verulega á árinu og viðtökur gesta góðar.

28. febrúar 2018

Margrét Hallgrímsdóttir

# Starfsemi Þjóðminjasafns Íslands

## Sýn Þjóðminjasafns

Að vera leiðandi höfuðsafn á sviði menningarminja, stuðla að framförum og skilvirkri starfsemi.

## Gildi Þjóðminjasafns

Fagmennska – Hugrif – Víðsýni

## Hlutverk og stefna

Leiðarljós í starfi Þjóðminjasafns Íslands er að safnið starfi sem vísinda- og þjónustustofnun á sviði þjóðminjavörslu á landsvísu, stuðli að varðveislu og þekkingu á menningararfi íslensku þjóðarinnar frá upphafi til samtíma og standi fyrir vandaðri miðlun um sögu og minjar lands og þjóðar með fjölbreyttu sýningar- og menningarstarfi. Þjóðminjasafn spegli fortíð og samtíð í starfi sínu með virðingu fyrir fjölbreytileika menningar og samfélags á hverjum tíma.

Vönduð grunnsýning Þjóðminjasafns Íslands gerir grein fyrir menningarsögu þjóðarinnar frá landnámi til samtímans. Grunnsýning í Safnahúsinu við Hverfisgötu fjallar um hinn sjónræna menningararf. Sérsýningar, fræðsla og útgáfa styrkja frekar og breikka miðlun safnsins með jafnrétti, mannúð og fjölbreytileika að leiðarljósi.


Þjóðminjasafn Íslands leggur metnað í gott aðgengi að safninu og miðlun sem stuðlar að víðsýni og virðingu. Safnið leggur metnað í samvinnu og þjónustu við safngesti, fræðimenn, nemendur og stofnanir. Þannig stefnir Þjóðminjasafnið að því að hreyfa við fólki með starfsemi sinni og þar með axla sína ábyrgð í almennri umræðu með víðsýni að leiðarljósi.



Mynd 1. Leiðarljós Þjóðminjasafns Íslands.

## Stjórnskipulag

Yfirlýstur tilgangur með stjórnskipulagi Þjóðminjasafns Íslands er að endurspegla hlutverk safnsins samkvæmt lögum um Þjóðminjasafn, safnalögum, lögum um menningarminjar og reglugerð safnsins sem og að fylgja eftir markmiðum þess og framtíðarsýn, auka samvinnu og samræður, auðvelda verkefnaskipulag með aukinni áherslu á tímabundin verkefni og gera starfið markvisst.



Mynd 2. Skipurit Þjóðminjasafns Íslands, í gildi frá áramótum 2015/2016.

## Fjármál og þjónusta

Breytingar á fasteignarekstri stofnunarinnar héldu áfram á árinu samhliða flutningi safnskots í nýtt varðveisl- og rannsóknasetur á Tjarnarvöllum, en síðasti hluti Tjarnarvalla var afhentur um miðjan nóvember er apótekið flutti loks úr húsinu. Safngeymslur í Dugguvogi 12 (630 m<sup>2</sup>) voru tæmdar í febrúar 2017 og unnið var að því að tæma Vesturvör 14, en ljúka þarf tæmingu þar í júní 2018. Áður hafði safnið tæmt Bygggarða 7 í nóvember 2016 (650 m<sup>2</sup>) og Loftskæptastöðina árið áður (465 m<sup>2</sup>). Í árslok 2017 er stofnunin því með sex byggingar á höfuðborgarsvæðinu: Suðurgötu 41 og 43, Hverfisgötu 15, Vesturvör 14 og 16-20 og loks Tjarnarvelli 11 í Hafnarfirði, alls 16.080 m<sup>2</sup> (Ríkiseignir 11.810 m<sup>2</sup> og Reginn 4.270 m<sup>2</sup>).

Flutningur hluta heimildasafnsins í Setbergi í nýjar skjalageymslur á Tjarnarvöllum fór fram seinni hluta árs. Æskilegt er að varðveita skjalasafn stofnunarinnar við betri varðveisluskilyrði en eru í Setbergi í dag og hefur verið sótt um skil á bréfasafni Þjóðminjasafns 1861-1985 og bókhaldi 1867-1970 til Þjóðskjalasafns.

Nýr umsjónarmaður húsnæðis- og öryggismála hóf störf snemma árs. Vann öryggisnefndin áhættumat allra starfa í nýju varðveisl- og rannsóknasetri á Tjarnarvöllum 11 og í framhaldinu hófust úrbætur á aðstæðum í samræmi við matsniðurstöður. Starfsfólk þar sótti námskeið í fallvörnum og nokkur tóku próf á lyftara. Þá voru drög að áhættumati starfa í Safnahúsinu tilbúin undir lok ársins. Árleg öryggisfræðsla, fyrir sýningargæslu og annað starfsfólk í beinum samskiptum við gesti sýningarhúsanna, var með hefðbundnum hætti í sumarbyrjun.

Tæknibúnaður var endurnýjaður í fundarsal í turni og hljóðkerfi í lestrarsal Safnahússins. Í fundarstofur í Setbergi og á Tjarnarvöllum var keyptur fjarfundarbúnaður til að nýta betur vinnutíma starfsfólks og til að minnka akstur í anda vistvæns ríkisreksturs og fyrstu grænu skrefa stofnunarinnar sem tekin voru á árinu.

Skipulagi sýningargæslu var breytt og ráðið í nýtt starf þjónustustjóra yfir báðum vöktum í Þjóðminjasafni. Þjónustustjóra er m.a. ætlað það hlutverk að tryggja vandaða þjónustu við alla gesti safnhússins og eiga frumkvæði að þróun nýrrar þjónustu og virkum samskiptum við ferðaðþjónustufyrirtæki. Þá var hreyfanleiki sýningargæslu aukinn. Tekur starfsfólk nú vaktir í báðum sýningarhúsum safnsins en það hefur staðið til frá opnun Sjórnarhorna-sýningarinnar í Safnahúsinu í apríl 2015. Með þessu skipulagi er ætlunin að tryggja aukna þekkingu og færni alls hópsins og koma í veg fyrir einangrun starfsstöðva.

Í safnbúðum Þjóðminjasafns tók nýr verslunarstjóri til starfa í haust og hefur frá þeim tíma verið unnið að endurskoðun safnbúðarstefnu, vöruúrvals og framsetningar vöru. Vefverslun fór í loftið snemma árs en seinni hluta árs var unnið að innsetningu efnis á enska hlutann, sem fer í loftið á árinu 2018. Undir árslok var byrjað að flytja bókalager stofnunarinnar (eigin útgáfa) í lagergeymslu á Tjarnarvöllum og stefnt að því að ljúka því verki í snemma árs 2018, samhliða ákvörðun um grisjun/eyðingu hluta eldri lagers.

## Ársuppgjör Þjóðminjasafns Íslands (02-902) árið 2017

Fjárheimild ársins 2017 skv. Oracle var kr. 746.568.351,- og skiptist í fjárlög 723,0 millj. og 23,6 millj. rekstraafgang fyrri ára.

Fjárheimild 02-902 alls árið 2017:	746,6 millj.
<u>Útgjöld umfram sértekjur 2017:</u>	<u>703,9 millj.</u>
<u>Uppsafnaður rekstrarafgangur í árslok 2017:</u>	<u>42,7 millj.</u>

**Útgjöld stofnunarinnar árið 2017** urðu alls 949,1 millj. og er stærsti hlutinn launakostnaður eða 48,4 % (47,6 % 2016). Ársverk eru alls 52,4 og nánast óbreytt frá 2016. Hækkun launakostnaðar um 16,1 millj. milli ára skýrist að mestu af endurskoðun stofnanasamnings SFR og Þjóðminjasafns samhliða vörpun í nýja launatöflu 1. júní 2017. Launakostnaður varð þó lægri en áætlað hafði verið þar sem undirritun nýs stofnanasamnings við BHM-félögin tafðist fram í janúar 2018 og þar með líka tilheyrandi útgjöld vegna afturvirktrar launaleiðréttingar til 1.júní 2016 og breyttrar launaröðunar hluta sérfræðingsstarfa stofnunarinnar.

Afgangur í árslok hækkar aðeins milli ára, sem skýrist að stærstum hluta af töfum á kostnaðarfrekum framkvæmdum við varðveislu- og rannsóknasetur, m.a. vegna tafa á fullnaðar afhendingu húss fram í miðjan nóvember, og vegna tafa á undirritun stofnanasamninga.

Skipuriti stofnunarinnar var breytt í ársbyrjun 2016 og eru sviðin nú sex talsins. Rekstur einstakra sviða (án launakostnaðar og án sértekna) skiptist þannig: Fjármála- og þjónustusvið 302,6 millj. (267,2m 2016) þar af rekstur húsnæðis 251,4 millj. (212,5 millj. 2016); rannsókn- og þróunarsvið<sup>1</sup> 14,8 millj. án geymsluframkvæmda (16,9 millj. 2016), þar af 11,2 millj. í fjarvinnslukaup og Sarpsleyfi stofnunarinnar (11,1 millj. 2016); miðlunarsvið 45,8 millj. (61,4 millj. 2016); myndasafn 7,3 millj. (4,7 millj. 2016); munasafn 26,8 millj. (49,1 millj. 2016) þar af geymsluframkvæmdir 24,2 millj. (42,7 millj. 2016) og húsasafn 81,0 millj. (82,9 millj. 2016). Gerð er grein fyrir verkefnum sviðanna annars staðar í skýrslunni.

Í samræmi við breytingar á húsnæði stofnunarinnar jókst rekstrarkostnaður húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu og nam 283,5 millj. (laun umsjónarmanna og ræstitækna meðtaln) en var 251,9 millj. 2016. Húsaleiga hækkar um 44,6 milli ára (155,8 millj. 2017 en 111,2 millj. 2016). Húsaleiga Ríkiseigna nam 77,3 millj. 2017 (81,6 millj. 2016, þá líka Dugguvogur 12 og Bygggarðar 7) og leiga Regins vegna Tjarnarvalla 78,5 millj. 2017 (29,6 millj. tímabilið ágúst-desember 2016, þá án „apóteksins“). Kostnaður við rafmagn og hita nam 20,9 millj. (22,7 millj. 2016, 2,6 millj. mælaaflestur skýrir lækunun þrátt fyrir Tjarnarvallareksturinn) og næturgæsla

---

<sup>1</sup> Geymsluframkvæmdir heyrðu undir rannsókn- og varðveislusvið (yfirviðfang 101-2) og eru enn með óbreytt viðfangsnúmer eftir skipuritsbreytingar (viðfang 10122). Hér er búið að færa kostnað vegna geymsluframkvæmdanna undir munasafn (yfirviðfang 101-7), bæði fyrir 2017 og 2016.

53,9 millj. (50,6 millj. 2016). Í árslok 2017 er húsnæði ÞJMS alls 16.080 m<sup>2</sup> (Ríkiseignir 11.810 m<sup>2</sup> og Reginn 4.270 m<sup>2</sup>).

Kaup á sérfræðiþjónustu námu 87,2 millj. 2017 (92,1 millj. 2016) og vega öryggisþjónustukaup og næturgæsla í Þjóðminjasafni og Safnahúsinu þyngst líkt og fyrri ár, alls 57,0 millj. Verkkaup hækka líttillaga milli ára og nema 75,7 millj. 2017 (73,4 millj. 2016). Verkkaup húsasafns nema 61,6 millj. og aukast mikið milli ára (44,4 millj. 2016 sem var óvenjulágt) en verkkaup vegna framkvæmda á Tjarnarvöllum og í öðrum geymslum lækka úr 15,3 millj. 2016 í 5,4 millj. 2017.



Eignakaup 2017 voru nokkur en á rekstraryfirliti ársins koma nú fram afskriftir (alls 18,4 millj. 2017). Keypar voru eignir fyrir alls 20,9 millj. á árinu, m.a. búnaður fyrir Tjarnarvelli 10,9 millj. (s.s. 3,7 millj. röntgentæki, 3,6 millj. hillur, 1,2 millj. skæralyfta) og ýmiss tölvu-, funda- og öryggisbúnaður fyrir 5,7 millj. Auk þess var gengið frá kaupum á hybrid bifreið í október (afhent janúar 2018).

**Sértekjur** ársins 2017 urðu 245,2 millj. (198,6 millj. 2016). Tekjur af aðgangseyri námu alls 181,0 millj. og er það langstærsti tekjuliður stofnunarinnar. Nokkur aukning í aðsókn átti þátt í aukningu aðgangstekna um 29 % milli ára, en breytt gjaldskrá og sameiginlegur aðgöngumiði í bæði sýningarhúsin skýrir drjúgan hluta hækkunarinnar. Sameiginlegur aðgangseyrir inn í Þjóðminjasafnið og Safnahúsið árið 2017 var kr. 2000 fyrir fullorðna (áður greitt inn í sitt hvort húsið, kr. 1.500 í ÞJMS og kr. 1.200 í Safnahúsið). Aðgangstekjur í Þjóðminjasafnið urðu 162 millj. (126,5 millj. 2016) og í Safnahúsið 15,4 millj. (10,2 millj. 2016). Tekjur af safnbúðum jukust nokkuð og námu 29,5 millj. (25,2 millj. 2016). Leigutekjur af fundar- og veitingaaðstöðu í Safnahúsi og Þjóðminjasafni námu 6,0 millj. (7,5 millj. 2016) og lækka vegna flutnings safnaráðs, sem áður leigði eina hæð í turni Þjóðminjasafns. Tekjur af myndasölu/leigu ráðast mikið af eftirspurn bóka- og myndframleiðenda hverju sinni og námu 2,7 millj. (1,6 millj. 2016).

Styrkir og innbyrðis framlög stofnana námu 17,7 millj. (17,3 millj. 2016). Hér vega þyngst framkvæmdasjóður ferðamannastaða 7,7 millj., arfur Hjálmars R. Bárðarsonar 4,8 millj., Minningarsjóður P. Verrall 3,0 millj., Vinnumálastofnun 1,1 millj. og Bókmenntasjóður 0,5 millj.

**Útgjöld umfram sértekjur** verða þar með 703,9 millj. Til ráðstöfunar árið 2017 hafði safnið alls 746,6 millj., svo uppsafnaður rekstrarafgangur í árslok 2017 er kr. 42,7 millj. Sá afgangur er að stærstum hluta tilkominn vegna tafa á afhendingu húsnæðis, flutningsverkefnum og framkvæmdum á Tjarnarvöllum og Vesturvör 16 en hluti skýrist af frestun nokkurra verkefna fram á næsta ár. Auk þess tafðist undirritun nýs stofnanasamnings við BHM-félög fram yfir áramót og þar með frestuðust áætluð launaútgjöld vegna samningsins fram á árið 2018.

Á blaðsíðu 9 er sundurliðað yfirlit yfir niðurstöðu ársins 2017 hjá Þjóðminjasafni Íslands og samanburður ársniðurstöðu við niðurstöðu fyrra árs.







## Starfsmannamál


Hjá Þjóðminjasafni Íslands voru alls 98 starfsmenn á launaskrá ársins 2017, borið saman við alls 101 starfsmenn árið 2016. Eru þá allir taldir, jafnt fastráðnir starfsmenn, verkefnaráðnir, sumarafleysingarfólk og tímavinnufólk í stærri og smærri verkefnum, sem og fastráðnir starfsmenn í orlofi.

Af þessum 98 starfsmönnum eru 72 í starfi í árslok (67/2016 og 68/2015) þar af 55 starfsmenn með ótímabundna ráðningu. Þrír starfsmenn voru í launalaus leyfi í árslok og einn starfsmaður í fæðingarorlofi. Starfsmannavelta á árinu 2017 var 11 %. Hún er fundin með því að taka þann fjölda sem hætti störfum á árinu og deila með meðalfjölda starfsmanna á tímabilinu. Starfsfólk með tímabundna ráðningu er ekki talið með.

**Ársverk** 2017 voru alls 52,4. Ársverk hjá Þjóðminjasafni Íslands voru 52,5 árið 2016 og 46,9 árið 2015.

**Kynjahlutfallið** í árslok 2017 hjá þeim 72 starfsmönnum sem voru í starfi var 51 kona og 21 karl (49/18 árið 2016, 54/14 árið 2015).


**Meðalaldur** allra 72 starfsmanna safnsins í árslok 2017 var 43,5 ár (44,5/2016, 44,9/2015). Yngsti starfsmaðurinn var 17 ára en sá elsti 77 ára, bæði í tímavinnu.



Mynd 5. Á myndinni má sjá aldursdreifingu starfsmanna Þjóðminjasafns sem eru í starfi í árslok 2017.

**Menntun** starfsmanna Þjóðminjasafns Íslands endurspeglar hlutverk safnsins sem vísinda- og þjónustustofnun en stærsti hluti starfsmanna er með háskólagráðu. Af 72 starfsmönnum í árslok 2017 hafa 78% háskólapróf, nánar tiltekið hafa 32% fyrstu háskólagráðu, 45% hafa framhaldsgráðu og 8% hafa doktorsgráðu. Til viðbótar eru 6% í háskólanámi eða hafa lokið ígildi háskólanáms án formlegrar gráðu. Iðnmenntun eða verslunarmenntun hafa 14% starfsmanna. Dæmi um háskólamenntun starfsmanna er

t.a.m. safnafræði, þjóðfræði, fornleifafraði, hagnýt menningarmiðlun, fornmeinafræði, myndlist, miðaldafræði og forvarsla.



## Kjarnastarfsemi

Kjarnastarfsemi Þjóðminjasafns Íslands er á sviði safnastarfs og menningarminja, þar sem áhersla er á hinar fimm stoðir safnastarfs: miðlun, rannsóknir, varðveislu, söfnun og skráningu. Safnið stendur að sýningum, útgáfu og fræðslu um minjar, menningu og sögu þjóðarinnar í safnhúsi við Suðurgötu, Safnahúsinu við Hverfisgötu og víða um land í húsasafni Þjóðminjasafnsins. Þá er markvisst unnið að forvörslu á safnkosti og í samræmi við lög tekið á móti öllum gögnum fornleifarannsókna á Íslandi. Almennungi, fræðimönnum og nemendum er veitt aðgengi að safnkostinum og ýmisskonar þjónustu sinnt tengt því. Einnig er unnið að bættu aðgengi að menningararfinum í gegnum netið, með skráningu í menningarsögulega gagnasafnið Sarp.

### Markmið 1

Að bæta aðgengi að safninu á sem fjölbreyttastan hátt og fjölga hvers kyns heimsóknum

#### Aðgerðir

- Ítarleg gestakönnun lögð fyrir árlega og brugðist við ábendingum gesta;
- Framboð myndefnis aukið í Sarpi, bæði á munum og myndum;
- Kynningarmál og mörkun safnsins endurskoðuð til að ná enn betur til fjölbreyttari hópa.

#### **Fjöldi heimsókna í safnið hefur aukist um 5%**

Heildarfjöldi gesta árið 2017 í Safnahúsið var um 46.592 og fjölgaði um 46,1% frá fyrra ári. Gestum á sýningar og viðburði fjölgaði úr 18.614 árið 2016 í 38.271 árið 2017, en að auki má gera ráð fyrir a.m.k. 8.321 gestum á kaffihúsið í Safnahúsinu. Í byrjun árs 2017 var ákveðið að vera með sameiginlegan aðgöngumiða fyrir Þjóðminjasafnið og Safnahúsið, en markmiðið með því var að fjölga gestum í Safnahúsinu með því að beina gestum Þjóðminjasafns þangað. Af gestum Safnahússins voru 13.157 með aðgöngumiða frá Þjóðminjasafninu. Heildarfjöldi gesta í Þjóðminjasafnið var um 188.597 og fjölgaði um 25,4% frá fyrra ári. Gestum á sýningar og viðburði fjölga frá árinu 2016, úr 134.869 gestum í 148.046 árið 2017, en að auki má gera ráð fyrir a.m.k. 40.551 gestum á kaffihúsið í Þjóðminjasafni. Þá sóttu margir gestir húsasafnið heim, en þau eru mörg rekin í samstarfi við menningarminjasöfn víða um landið. Gestir á Keldum á Rangárvöllum voru 3.115.

Hafist var handa við heildarendurnýjun á kynningarefni stofnunarinnar og verður þeirri vinnu haldið áfram árið 2018. Ýmsar nýjar leiðir voru reyndar á árinu varðandi kynningarmál, s.s. auglýsingar á sértæka markhópa á samfélagsmiðlum vegna nýrra sýninga og vegna viðburða. Með þessu móti hefur í mörgum tilfellum tekist að ná til fjölbreyttari hópa, s.s. í barna- og fjölskylduleiðsögn í Þjóðminjasafni Íslands.

Gestakönnun var lögð fyrir sem tók til sýninga og þjónustu í Þjóðminjasafni Íslands. Þátttaka í könnuninni reyndist lítil. Stefnt er að gerð rafrænnar gestakönnunar á árinu 2018.

### **Sýningarstarfsemi**

*Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi* í Bogasal – 24. nóvember 2016 til 31. desember 2017.

*Bláklædda konan* í Horninu – 23. maí 2015 til 5. febrúar 2018.

*Portrett Kaldals* í Myndasal – 24. september 2016 til 5. febrúar 2017. Jón Kaldal tók einstakar portrettmýndir af listafólki og framámönnum Þjóðarinnar, enda varð það fólki kappsmál að sitja fyrir hjá honum. Mýndir Kaldals sem teknar voru innandyra af heimilum fólks gefa einstaka sýn á hóbýlahætti Íslendinga þegar módernisminn var að hefja innreið sína.

*Kaldal í tíma og rúmi* á Vegg – 24. september 2016 til 5. febrúar 2017.

*Steinholt – saga af uppruna nafna*, í Myndasal – 11. febrúar til 28. maí 2017. Mýndir Christophers Taylors frá Þórshöfn og nágrenni. Ljósmyndarinn dvaldi á Þórshöfn og ferðaðist um svæðið þar í kring til að gera umhverfinu skil og greina frá minningum sem tengjast Steinholti og fjölskyldu konunnar hans.

*Grímsey* á Vegg – 11. febrúar til 28. maí 2017. Ljósmyndir Cole Barash, bandaríks ljósmyndara sem heillaðist af eyjasamfélaginu og vildi gera því skil.

*Fuglarnir, fjörðurinn og landið, ljósmyndir Björns Björnssonar* í Myndasal – 3. júní til 12. september 2017. Björn Björnsson var áhugaljósmyndari sem sérhæfði sig í fuglaljósmyndun. Hann vann að ljósmyndun á Austfjörðum meðfram verslunarstörfum, lengst af á Norðfirði. Á síðari árum sérhæfði Björn sig í náttúruhlífsljósmyndun og ferðaðist um landið í þeim tilgangi. Sérstök þátttöku- og fræðslustöð fyrir börn var sett upp á sýningunni.

*Hugsað heim* á Vegg – 3. júní til 12. september 2017. Mýndir Ingu Lísu Middleton. Titill sýningarinnar vísar bæði til viðfangsefnis myndanna og þess draumkennda blæs sem einkennir þær. Mýndirnar vinnur hún með Cyanotype aðferðinni sem gefur myndunum einkennandi bláan lit.

*Á eigin vegum. Ljósmyndir 1967-2017* í Myndasal og á Vegg – 23. september til 31. desember 2017. Guðmundur Ingólfsson er meðal fremstu ljósmyndara sinnar kynslóðar á Íslandi. Hann hefur notið þess að ljósmynda á eigin vegum og á stórar filmur, landslag og byggð. Í Reykjavík hefur hann skrásett ásýnd borgarinnar og í myndum teknum í úthverfum og í Kvosinni - af sjoppum og af mannlífi - birtast breytingar sem sýna þróun byggðar. Sýningin veitir yfirlit um hálfra aldar ljósmyndaferil Guðmundar Ingólfssonar.

**Jólasýningar** í lestrarsal og forsal – 27. nóvember 2017 – 6. janúar 2018. Í lestrarsal Safnahússins voru sýnd jólatré úr safneign. Sýningin Sérkenni sveinanna var sett upp í Forsal Þjóðminjasafnsins á þriðju hæð. Jólatré voru sett upp í glerbyggingu móttöku annars vegar og hins vegar stórt tré á stigapalli milli 2. og 3. hæðar. Stóra tréð var skreytt með eftirlíkingum af laufabrauði í útskornar málmþynnur, gylltar og silfraðar, auk hvítra ljósa.

*Krossfestingarmynd á skinnblaði frá 14. öld* í Safnahúsinu – frá 11. maí og stendur í ár. Ný kjörgripasýning, að þessu sinni gripur frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Á myndinni

er hinn krossfesti Kristur fyrir miðju. Fyrir ofan hann er letrað á latínu: Jesús frá Nasaret, konungur Gyðinga. Honum á hægri hönd stendur María guðsmóðir í rauðum kyrtli með bláan höfuðdúk en hinum megin er Jóhannes lærisveinn Krists.

**List Officinalis - samtal myndlistar við Urtagarðinn í Nesi** í Nesstofu – 2. júní til 27. ágúst 2017.

Myndlistarsýning í Nesstofu á vegum Seltjarnarnessbæjar, þar sem verk eftir 7 samtímalistamenn voru sýnd. Öll áttu verkin það sameiginlegt að tengjast jurtum á einn eða annan hátt og áttu þau að varpa ljósi á listina, húsið og garðinn.

**Spegill samfélagsins 1770** í rými á 3. hæð Safnahússins – frá 15. júní 2017. Ný sérsýning var sett upp í tilefni 135 ára afmælis Þjóðskjalasafns Íslands og er úrval skjala Landsnefndarinnar fyrri frá 1770. Danski konungurinn sendi þriggja manna rannsóknarnefnd til Íslands árið 1770 til að kanna samfélagið og auðlindir þess. Skjalasafn nefndarinnar, sem nefnd hefur verið Landsnefndin fyrri, er mikið að vöxtum, um 4200 handritaðar síður. Sýningin er samstarfsverkefni Þjóðskjalasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands.

**Börn á flóttu.** Samvinna Þjóðminjasafns Íslands við myndlistarkonuna Ásdísi Kalman og Rauða krossinn á Íslandi um verkefnið Börn á flóttu. Því lauk með samnefndri sýningu í anddyri Þjóðminjasafnsins á Barnamenningarhátíð 2017, sem uppfyllti á einstaklega jákvæðan og afgerandi hátt markmið nýrrar safnastefnu á sviði menningarminja sem kom út á árinu. Þar hjálpaðist allt að; samfélagslega brýnt málefni, sýnileiki flóttafólks og hælisleitenda í samfélaginu, viðleitni til að skapa skilning og virðingu, viðurkenning á hópi fólks sem er í viðkvæmri stöðu í samfélaginu, samvinna við stofnanir og einstaklinga, þátttaka í umræðu í samfélaginu sem og fræðsla og miðlun á samfélagslega mikilvægu málefni. Börnin sem teiknuðu myndirnar hafa flúið ásamt fjölskyldum sínum erfiðar aðstæður og stríð í heimalandi sínu og sækjast eftir alþjóðlegri vernd á Íslandi.

**Þjóð verður til.** Unnið var að viðhaldi valdra hluta grunnsýningarinnar. Ber fyrst að nefna að lokið var við endurbætur á sýningarhólfi um Þjórsárdal. Nýr skápur var settur upp í fremsta söguhólfi þar sem norrænt haugfé er sýnt. Hafist var handa við að lagfæra lýsingu á sýningunni. Merkingar vegna hljóðleiðsagnar og leiðarþráða voru uppfærðar á sýningunni.

### **Safnfræðsla**

Á Þjóðminjasafninu á Suðurgötu er í boði fræðsludagskrá í tengslum við námsskrá fyrir annan hvern árgang, þ.e. fjögurra ára nemendur leikskólans og 1., 3., 5., 7. og 9. bekk grunnskólans. Einnig er boðið upp á fræðslu fyrir framhaldsskóla. Nemendum á fyrsta ári í Háskóla Íslands er boðið að koma í kynningu á starfsemi safnsins. Árið 2017 sóttu 9.784 nemendur og kennarar í skipulögðum heimsóknnum fræðslu í Þjóðminjasafninu. Að auki komu nemendur á ýmsum skólastigum á eigin vegum á sýningar og á dagskrárliði í safninu, ýmist til að vinna verkefni eða með kennurum sínum, án þess að safnkennarar sinni þeim sérstaklega. Þessir nemendur koma yfirleitt ekki fram í fjöldatölum sem safnkennarar taka saman.

Í Safnahúsinu við Hverfisgötu er einnig boðið upp á fræðsluefni fyrir skóla og miðar það að yngsta stigi, miðstigi og unglingsstigi grunnskóla og framhaldsskóla. Efnið er veflægt og kennarar nýta sér námsefnið við kennslu á sýningunni. Fjöldi nemenda og kennara sem komu í Safnahúsið var 1.124, að meðtöldum nemendum sem safnkennari Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tók á móti þar.

Samtals var því fjöldi nemenda og kennara, í skipulagðri dagskrá og á eigin vegum í sýningahúsin tvö 11.252.

Skólar og dvalarheimili geta fengið lánaða safnkassa með fræðslu og áhöldum sem snerta ýmsa þætti daglegs lífs áður fyrr. Í boði eru sex kassar: Baðstofukassi, tóvinnukassi, leikfangakassi, matarkassi, landnámskassi og ljósmyndakassi. Safnkassarnir voru lánaðir út 54 sinnum á árinu 2017. Á árinu var innihald safnkassa sem eru í notkun endurnýjað. Nemendur við námsbraut í safnafræði við Háskóla Íslands unnu verkefni með safnkennurum um tillögur að nýjum safnkössum og til stendur að bæta við nýjum kassa árið 2018. Hafist var handa við undirbúning og þarfagreiningu vegna nýs fræðslurýmis á 3. hæð í Þjóðminjasafninu. Nýjar leiðsagnir voru gerðar um sýningar sem voru opnaðar á árinu 2017 og breytingar voru gerðar á leiðsögn leikskólabarna um grunnsýningu Þjóðminjasafnsins sem miðuðu að því að auka virkni og þátttöku barnanna og innleiða leik í heimsóknina. Fræðsluefni aðgengilegt kennurum til fræðslu skólahópa í Safnahúsinu var greint.

Barna- og fjölskyldudagskrá, oftast í formi leiðsagna, (sjá aftar) sóttu samtals 784 gestir.

### Viðburðir

Greiningardagur „**Áttu forngrip í fórum þínum**“. Þann 5. mars og 5. nóvember bauðst gestum að koma með gripi í greiningu til sérfræðinga safnsins. Margir eiga erfðagripi eða ættargripi og leikur forvitni á að þekkja á þeim nánari skil. Gripi þurfa ekki að vera frá miðöldum til þess að teljast gamlir og má í því samhengi benda á að grunnsýning Þjóðminjasafnsins spannar öll 1200 árin í sögu Íslandsbyggðar, frá landnáms tíma til 20. aldar. Sérfræðingar safnsins geta þó einungis greint muni með tilliti til aldurs, efnis, uppruna o.s.frv. en meta ekki verðgildi þeirra.

**HönnunarMars** fór fram í níunda sinn dagana 23.- 26. mars. Í Safnahúsinu setti Þórunn Árnadóttir upp sýninguna *Shapes of Sounds* en hún gerir tilraunir með að hanna nýjar umgjarðir úr íslenskum efnivið utan um hljóðkort úr ónýtum plastleikföngum frá Kína. Milla Snorrason setti þar einnig upp sýninguna *Uxatindar*. Hún fékk stúlkur úr Listaháskóla Íslands til að sýna gjörning íklæddar flíkum úr nýjustu línu hönnuðarins, Hildu Gunnarsdóttur, sem kallar sig Millu Snorrason. *Peekaboo – Myndskreyttar bækur fyrir börn á pólsku og íslensku*. Á síðasta áratug eða svo hefur verið mikil gróska í útgáfu myndskreyttra barnabóka á Íslandi og í Póllandi. Í Safnahúsinu voru sýndar myndskreytingar á sex íslenskum og 16 pólskum barnabókum sem þykja bera af. Einnig var boðið upp á vinnustofu fyrir börn og myndskreyta. Í Þjóðminjasafninu var sýningin *Rúnamerki* sett upp í Tunnu. Sýningin samanstóð af verkum hönnuðarins Sigurðar Oddssonar. Í verkefninu var því velt upp í einskona hliðstæðum veruleika hvernig þekktustu og fallestu merki Íslandssögunnar gætu litið út ef við hefðum ekki tekið upp rómverska stafrófið og notuðumst enn við rúnaletur eins og það leit út fyrir 1000 árum.

Á **Safnanótt** var meðal annars unnið út frá sýningunni *Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi* í viðburðum í Þjóðminjasafni. Þar var boðið upp á að taka litla spurningaleikinn *Hversu þverþjóðleg/urert þú?* Teiknimyndin *Vertu næs* var spiluð endurtekið í kennslustofu á annari hæð en myndin er unnin af Rauða krossinum. Einnig voru gestir hvattir til að setjast og upplifa þá áskorun að horfast í augu við ókunnuga manneskju í nokkrar mínútur.

Ljósmyndastúdíó var sett upp í Myndasal þar sem gestir gátu tekið mynd af sér í anda Kaldals og sent sér rafrænt með sms eða tölvupósti. Heimildamynd eftir Rúnar Gunnarsson um Jón Kaldal var sýnd á heila tímanum í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Rúnar var viðstaddur sýninguna og spjallaði við gesti. Í

myndinni er fjallað um ævistarf Jóns Kaldals, ljósmyndirnar og íþróttuferilinn. Handrit og dagskrárgerð annaðist Rúnar Gunnarsson. Pulur er Ása Briem.

Í Safnahúsinu var *Hljómsveitin Eva* með tónleika í Lestrarsal. Hljómsveitina skipa tónlistarkonurnar og sviðshöfundarnir Sigríður Eir Zophoníasardóttir og Vala Höskuldsdóttir. Eva er popphljómsveit sem spilar kántrískotið femínískt pönk með þýðum og þjóðlegum undirtón og er þekkt fyrir töfrandi og líflega framkomu sem kemur áhorfendum sífellt á óvart, kitlar hláturtaugarnar og snertir hjörtun um leið. Hljómsveitin Eva er nefnilega ekki bara hljómsveit heldur einnig sviðslistahópur, pólitísk hreyfing og sjálfshjálpargrúppa. Í Safnahúsinu var einnig opinn flygill í tvo klukkutíma þar sem gestum gafst færi á að spila lag að eigin vali.

Þann 20. apríl var **sumardagurinn fyrsti** haldinn hátíðlegur með fjölskyldudagskrá í Þjóðminjasafni Íslands og Safnahúsinu við Hverfisgötu. Þjóðlagasveitin Þula kom fram, skipuð tónlistarnemendum úr Tónlistarskóla Kópavogs, en þau koma ávallt fram á íslenskum 19. aldar þjóðbúningum. Ratleikur var gerður í tengslum við tónleikana. Ratleikurinn var settur fram sem skoðunarferð á eigin vegum um dýrin í þjóðlögnum. Í Safnahúsinu var fjölskylduleiðsögn með sérstakri áherslu á dýr sýningarinnar. Karlakórinn Gamli Fóstbræður flutti fjölbreytta efnisskrá. Stjórnandi kórsins er Árni Harðarson og einsöngvari Þorgeir J. Andrésson. Einnig flutti Sæbjörg Freyja Gísladóttir Þjóðfræðingur erindið *Af hverju Flateyri?* Fyrirlesturinn var haldinn á vegum Félags Þjóðfræðinga í samstarfi við Þjóðminjasafnið og byggði á meistararitgerð Sæbjargar.

Á opunardegi **Barnameningarhátíðar**, 25. apríl, var börnum í efri deildum leikskóla og 1. – 2. bekkjum grunnskóla boðið að sækja söng- og sögustundina *Komdu litla krílið mitt* í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu. Fluttar voru útsetningar Báru Grímsdóttur fyrir sópran og selló á gömlum barnagælum, sem og ný lög við gömul kvæði. Eins konar kvöldvökustemmning var á tónleikunum; sagðar voru sögur og sungið, en áheyrendur lærðu 1- 2 lög af efnisskránni. Flytjendur voru Þórunn Elín Pétursdóttir, sópran og Ólöf Sigursveinsdóttir á selló.

**Meningarnótt** var haldin hátíðleg í báðum húsum. Frítt var inn í bæði hús allan daginn og gestir hvattir til þess að skoða bæði fastar sýningar, fræðslurými og Fróðildi beggja vegna. Í Safnahúsinu við Hverfisgötu var upplestur á völdum bréfum úr fórum Þjóðskjalasafnsins sem sýnd eru á sýningunni *Spéill samfélagsins 1770*. Leikaraefnin Hákon Jóhannesson og Niels T. Girerd fluttu texta valinna bréfa. Guja Sandholt, sópransöngkona, flutti óperuna *Bon Appétit!* eftir Lee Hoiby í Lestrarsal Safnahússins. Guja söng hlutverk Juliu Child sjónvarpskokks og er óperan eins og sena úr sjónvarpsþættinum hennar þar sem hún bakar franska súkkulaðiköku. Heleen Pauw-Vegter lék á flygil. Klassíski listdansskólinn sýndi *ReCover*, dans-innsetningu nemenda Klassíska listdansskólans undir stjórn Ernesto Camilo. Unnið var með ólík dansverk og þau sett í nýtt samhengi í Safnahúsinu. Verkin sem unnið var með eru „Flamingos“ og „Cover“ sem bæði voru gerð fyrir svið.

Í Þjóðminjasafninu var Kristín Halla Baldvinsdóttir, sýningarhöfundur, með leiðsögn um sýninguna *Fuglarnir, fjörðurinn og landið. Ljósmyndir Björns Björnssonar*. Fuglamyndasmiðjan *Hvaða litur fer fuglinum best?* var opin í Myndasal. Örleiðsagnir sérfræðings voru á íslensku og ensku um sýninguna *Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi*. Í tengslum við þá sýningu var einnig boðið til dansveislu í anda Balkanlandanna á þriðju hæð undir stjórn Vesku Jónsdóttur frá Búlgaríu. Fuglafit var kynnt og boðið var upp á andlitsmálun fyrir börnin og teygjutvist þar sem fullorðnir rifjuðu upp gamla takta með börnum sínum. Gestir voru hvattir til að ganga á milli Þjóðminjasafnsins og Safnahússins með ratleik í



höndunum með viðkomu við Tjörnina. Þema leikjarnins var fuglar inni og úti enda voru stoppustöðvar við uppstoppaða fugla, fuglabeinagrind, lifandi fugla og fuglaskreytingar.

**Jóladagskrá** Þjóðminjasafnsins var með hefðbundnum hætti. Grýla og Leppalúði mættu með jólaköttinn þann 10. desember. Hildur hóf dagskrána og söng nokkur lög áður en hyskið mætti á staðinn. Jólasveinarnir komu svo einn af öðrum frá 12. desember til þess tuttugasta og fjórða. Jólakattaraleikur var útbúinn eins og undanfarin ár. Að þessu sinni var þemað flíkur og fatnaður. Jólakötturinn var falinn á tíu stöðum í safninu og ratleikurinn var á íslensku, ensku, dönsku og pólsku.

**Barnaleiðsagnir og Fjölskyldustundir** í Þjóðminjasafninu og í Safnahúsinu njóta sífelldra vinsælda. Safnkennarar sjá um að taka á móti gestum fyrsta sunnudag í mánuði í Þjóðminjasafninu og þann þriðja í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Í Þjóðminjasafninu er hefðbundið að taka á móti gestum og ganga um grunnsýninguna með léttari leiðsögn sem ætluð er börnum. Í Safnahúsinu hefur stundin verið kölluð *Fjölskyldustund* enda hefur stundum verið boðið upp á leiðsögn um sýninguna Sjónahorn og stundum hefur verið smíðja eða tónleikar eða eitthvað annað sem hentar barnafjölskyldum. Boðið er upp á barna- og fjölskyldustundir yfir vetrarmánuðina.

Efnt var til viðburðar þann 22. október í tengslum við sýninguna *Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi*, þar sem aðstandendur sýningarinnar tóku á móti gestum í óformlegu spjalli.

Einu sinni í mánuði er tilboð sem kallað er *Tveir fyrir einn*. Í Safnahúsinu er boðið upp á að kaupa tvo inngöngumiða á verði eins fyrsta sunnudag í mánuði og í Þjóðminjasafni er sama tilboð hinn þriðja sunnudag í mánuði. Einnig er frítt inn á safnið á sumardaginn fyrsta og Þjóðhátíðardaginn 17. júní ár hvert. Í vetrarfríum grunnskólanna er frítt inn fyrir fullorðna í fylgd með börnum.

Bryddað var upp á því að bjóða upp á vikulegar leiðsagnir á ensku að vetri í Þjóðminjasafni við Suðurgötu og Safnahúsinu við Hverfisgötu. Áfram var haldið með að hafa leiðsagnir tvisvar í viku að sumri. Ein leiðsögn á pólsku var haldin um sýninguna *Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi*.

### **Hádegisfyrirlestraröð Þjóðminjasafnsins**

Fyrirlestrarir voru annan hvern þriðjudag yfir vetrartímam og fjölluðu gjarnan um efni tengt yfirstandandi sýningum eða rannsóknum starfsmanna.

#### **Vorönn:**

Kristín Loftsdóttir: Það sem má ekki gleyma. Ísland og heimur á hreyfingu.

Unnur Dís Skaptadóttir: Heima? Þverþjóðlegt líf í nútíð og fortíð.

Guðbjört Guðjónsdóttir: Hrun og búferlaflutningar. Reynsla Íslendinga í Noregi.

Eyrún Eypórsdóttir: Brasilúfararnir. Hreyfanleiki og hnattræn tengsl fólks á 19. öld.

Nína Rós Ísberg: Heimili í nýju landi. Þýskar konur á Íslandi.

Íris Ellenberger: „Der döde en kat, forleden nat“. Dönsk tilvera í Reykjavík á fyrri hluta 20. aldar.

Anna Wojtyńska: Pólverjar á Íslandi/Poles in Iceland.

Anna Lís Rúnarsdóttir: Sýning verður til. Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi.

#### **Haustönn:**

Kristinn Haukur Skarphéðinsson: Fyrsti íslenski fuglaljósmyndarinn. Björn Björnsson 1889 - 1977.

Ólafur Rastrick: Af erlendu vogreki. Íslensk þjóðmenning og viðtaka „óæskilegra“ menningarhrifa.

Ásdís Kalmann. Börn á flóttu. Framkvæmd smiðjanna og aðdragandi sýningarinnar á Barnamenningarhátíð 2017.

Guðmundur Ingólfsson: Á eigin vegum. Ljósmyndir 1967–2017.

Marianne Guckelsberger og Marled Mader: Endurgerð klæða Bláklæddu konunnar.

Terry Gunnel: Jólavættirnar. Fyrirlestur á ensku.

## Málþing og fyrirlestrar

*Þúfur sem segja sögu – ný sýn á íslenskar miðaldir*, fyrirlestur og bókakynning var haldin í Safnahúsinu við Hverfisgötu þann 7. apríl í tilefni af útgáfu bókarinnar *Miðaldir í skuggsjá Svarfaðardals*. Árni Daníel Júlíusson flutti.

Þjóðminjasafn Íslands boðaði til árlegs **vorfundar** fyrir menningarminjasöfn. Fundurinn var haldinn þann 19. apríl í nýju varðveisl- og rannsóknasetri Þjóðminjasafnsins á Tjarnarvöllum 11 í Hafnarfirði og kallaðist *Samtal við samfélagið*.

Laugardaginn 18. nóvember var haldið málþing og móttaka í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Málþingið var haldið til heiðurs Poul Nedergaard Jensen arkitekts og fyrrverandi kennara við Arkitektaskólann í Árósum í Danmörku. Hann gaf Þjóðminjasafni Íslands ljósmyndasafn sitt ásamt uppmælingateikningum; afrakstur ferða hans um Ísland á árunum 1973-2006. Starf hans hefur mikla þýðingu fyrir íslenskan byggingararf, eykur þekkingu á honum og er mikilvægur heimildabrunnur frekari rannsókna. Er í þessu samhengi augljóst að nefna ritröðina Kirkjur Íslands, en þar eru birtar fjölmargar mælingateikningar sem gerðar voru undir leiðsögn hans.

Fimmtudaginn 23. nóvember var fyrirlestur í boði Námsbrautar í fornleifafræði, Raunvísindastofnunar og Þjóðminjasafns Íslands í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Það var dr. Knut Paasche vísindamaður hjá NIKU í Noregi sem flutti erindi um notkun jarðsjármæla við fornleifarannsóknir. Hann sagði frá langri reynslu sinni af notkun jarðsjármæla.

Í tilefni af sjötugsafmæli Guðrúnar Sveinbjarnardóttur fornleifafræðings gengust Hugvísindasvið Háskóla Íslands og Þjóðminjasafn Íslands fyrir málþingi til heiðurs henni. Málþingið var haldið laugardaginn 25. nóvember í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu.

Málþing í minningu Kristjáns Eldjárns. Föstudaginn 8. desember var árlegt málþing Félags fornleifafræðinga haldið í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands í samstarfi við Þjóðminjasafnið og Minjastofnun Íslands. Þema málþingsins var *Minjavarsla* og munu fyrirlesarar skrifa greinar um sama efni í *Ólafíu* rit Félags fornleifafræðinga, árið 2018.

## Lokið verði við að bæta 15.000 myndum í Sarp

Heildarfjöldi rafrænna skráa í skráarbrunni Sarps (myndir, skjöl og teikningar meðtalin) er 144.959. Heildarfjöldi stafrænna mynda sem eru í Sarpi er nú 143.583. Á árinu jókst heildarfjöldi stafrænna mynda um 25.582.

## Ljósmyndun gripa

Nokkrir flokkar af safngripum úr munasafni voru ljósmyndaðir, þar á meðal handlínur (22), ábreiður (92) og prjónastokkar (106). Myndirnar voru síðan lyklaðar við færslur í Sarpi. Einnig voru útskornir kistlar í safninu ítarlega myndaðir frá öllum hliðum (87) sem og allir söðlar, hnakkar og önnur reiðver (56). Þá var ljósmyndum af jarðfundnum gripum bætt við Sarp (1.976).

## Eftirtökur/Innskönnun

Hluti af filmusafni Einars Kristjánssonar (970), filmusafn Guðbjarts Ásgeirssonar (1.658), skyggjur Peters F. Jensen (102), plötusafn Sigurjóns Jónssonar (77), Hönnu Davíðsson (77), Ólafs Ólafssonar (161) og Björns P. Blöndal (416), filmusafn Þórs Magnússonar (2.920), hluti af filmusafni Guðna Þórðarsonar (5.883), hluti af filmusafni Ingimundar Magnússonar (3.312) safnkostur sem skráður er í Ljós- og prentmyndasafn 2002, 2003, 2013 og 2014 (1.354).

## Lyklun mynda við fyrirleggjandi skráningar í Sarpi úr eftirtöldum ljósmyndasöfnum:

- |   |   |
|---|---|
| - Alþýðublaðið (3)                            | - Ólafur Magnússon 1 (14)                           |
| - Árni Thorsteinsson (64)                     | - Ólafur Magnússon 2 (93)                           |
| - Björn P. Blöndal (416)                      | - Ólafur Oddsson1 (112)                             |
| - Einar Kristjánsson (970)                    | - Ólafur Oddsson 2 (60)                             |
| - Guðbjartur Ásgeirsson (1.658)               | - P. F. Jensen (102)                                |
| - Guðni Þórðarson (3.975)                     | - Pétur Brynjólfsson (97)                           |
| - Hanna Davíðsson (77)                        | - Pétur Brynjólfsson 2 (2)                          |
| - Jón Kaldal 4 (103)                          | - Póstkortasafn (1)                                 |
| - Jón Kaldal 5 (586 myndir)                   | - Safn SÍS (186)                                    |
| - Ljós- og prentmyndasafnið (347)             | - Sigfús Eymundsson plötur í Mannamyndasafn (3.863) |
| - Ljós- og prentmyndasafnið (764)             | - Sigríður Zoëga (117)                              |
| - Ljós- og prentmyndasafnið 1994-1996 (1.035) | - Sigurjón Jónsson (77 myndir)                      |
